

Opinn skógur

Markmið verkefnisins er að opna skógræktarsvæði fyrir almenning til útivistar. Lögð er áhersla á upplýsingar, þannig að gestir fræðist um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis.



Með öflugum stuðningi opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.

Open forest



The goal of the project is to open forests and forestry sites to public recreation, by setting up recreation facilities and providing educational information on the nature and history of each forest.

GÖNGUM VEL UM GRÓIÐ LAND TREAD LIGHTLY - DON'T LITTER

Velkomin í skóginn Welcome to the forest

- Erfið gönguleið
Demanding walking path
- Göngustígur
Walking path
- Upplýsingar
Information
- Bilastæði
Parking
- Borð og bekkir
Picnic area

Þú ert hér
You are here



Völvuskógur

Skógræktar- og útivistarsvæði Skógræktarfélags Rangæinga og Skógasafns



Skógrækt í Skógum hófst vorið 1950 fyrir tilstuðlan Jóns Jóseps Jóhannessonar kennara, en hann var lengi ritari Skógræktarfélags Rangæinga og vann við skógrækt á Hallormsstað mörg sumur á árunum 1951 – 79. Jón skrifaði árið 1955 grein í Ársrit Skógræktarfélags Íslands þar sem hann gerir grein fyrir aðstæðum og skógræktarstarfinu fyrstu fimm árin. Þar segir m.a.

„Hér á Skógaheiði hefur orðið mikil eyðing lands, graslendi minnkar stöðugt, og stór moldarrof teygja sig allt niður í brúnirnar fyrir ofan skólann. Úr þessum rofum fýkur mjög, er vindur leikur af norðri og gerir loft óhólt mönnum og málleysingjum.

Þetta var ein ástæða þess að skógggræðslutílaunir voru hafnar hér í Skógum og hafa nemendur unnið að þeim í einn eða tvo daga á vorin...”

Erfiðar aðstæður og tílaunir með tegundir gerðu það að verkum að talsverð afföll voru á sumum gróðursetningum. Þannig virðist skógarfuran, sem talsvert var gróðursett af á fyrstu árunum, öll hafa misfarist en finna má stöku rauðgreni í sæmilegum þrifum. Skógurinn ber þess enn merki hve veðurhart hefur verið í Skógum áður en skógurinn fór að skýla staðnum en nú tala menn um hversu gott skjól sé og vart gætir vinds þar sem skógurinn er vöxtulegastur nema hvað þýtur í krónupakinu hátt fyrir ofan. Völvuskógur þekur nú um 10 ha. Skógurinn er fjölbreyttur og hefur að geyma glæsileg gömul tré, sum mjög fágæt hérlendis, til dæmis myndarlega dahúriulerkiblendinga (*Larix x*) sem og nokkur beinvaxin og

Recreational forest - Rangæingar Forestry Association and Skógar Museum

Planting at Skógar began in 1950, spearheaded by Jón Jósep Jóhannesson, teacher at the Skógar school, who was also a board member of the Rangæingar Forestry Association for many years and worked in forestry at Hallormsstaður in East-Iceland for many summers between 1951 and 1979. Jón wrote an account of the first five years of planting in the Journal of the Icelandic Forestry Association in 1955. A lack of shelter and other difficult conditions affected the early plantings, but as soon as the initial surviving trees began to create shelter the conditions improved considerably.

Völvuskógur now covers about 10 hectares. The forest has a diversity of tree species, some of which are quite rare in Iceland, for example Dahurian larch hybrids (*Larix x*). Trees of Sitka spruce and black cottonwood currently reach about 20 metres in height and

glæsileg rússalerki. Sitkagreni og alaskaösp slaga víða í 20 metra hæð. Í brekkunni við rústir gripahúss vestan Réttargils er birkiskógurinn vaxinn myndarlegum trjám sem trúlega eru hluti af fyrstu gróðursetningunni frá árinu 1950 þótt heimildir þar um séu misvísandi.

Jón Jósep lét talsverð afföll á fyrstu gróðursetningum ekki slá sig út af laginu. Trú hans á að rækta mætti nytjavið er hér staðfest með nýtingu á efniviði úr skóginum til smíða á veglegum göngubrúum og tröppum. Timbríð er grisjunarviður af sitkagreni því sem Jón lét gróðursetja árið 1954. Yfir göngubrúnni í Kjallaragili slútir gullregn sem minnir á að þrátt fyrir mörg áföll héldu nemendur og kennarar ótraud áfram með ræktunar- og tilraunastarfið enda var þess gætt að ábyrgðin gengi í arf við skólástjóranskipti. Enn hittast fyrrum nemendur í Skógum og gróðursetja tré fyrir framtíðina og til minningar um þroskandi dvöl við Skógaskóla.

Árið 1999 var gerður samningur við Skógræktarfélag Rangæinga um umsjón með skóginum í samráði við Skógasafn. Var hluti skógarins þá grisjaður og lagður svokallaður Prastígur sem liggur um Kinn neðan úr Kjallaragili upp í efri hluta Réttargils.

Fyrir tilstuðlan verkefnisins Opins skógar og styrktaraðila þess var ráðist í miklar endurbætur á stígakerfi og nýjar gönguleiðir opnaðar auk þess sem settar hafa verið upp trjámerkingar, áningarstaðir og skilti um merka staði.

Prastígur og Vargaslóð eru talsvert á fótinn sem og leggurinn áleiðis upp á Skógaheiði en aðrar leiðir ættu að vera greiðfærar flestum. Sjón er sögu ríkari.

Göngum vel um Opinn skóg!

thrive. The forest also has thriving trees of native downy birch.

Jón Jósep was not disheartened by early losses in the planting. His faith in the potential for timber-yielding trees has been validated by the use of materials from the forest for the construction of bridges and steps in the forest, but the timber comes from thinning of Sitka spruce originally planted in 1954. Despite some setbacks in the beginning the teachers and students at Skógar continued planting and even today former students of the Skógar school gather together and plant a tree in reminiscence of their time at the school.

The Rangæingar Forestry Association is an association of people interested in forestry and conservation in Rangárvallasýsla. The association was founded in 1943 and has around 300 members.